

Málsnr.: 201610030
Skjalasafn Mosfellsbæjar – Kjarna

24 JAN 2017

Bréfalykill: 19.3

Reykjavík, 18. janúar 2017
Tilvísun: 201701092 / 3.4

Mosfellsbær
Ólafur Melsted, skipulagsfulltrúi
Þverholt 2
270 Mosfellsbær

Efni: Lýsing fyrir tillögu að deiliskipulagi tengivirkis við Sandskeið, Mosfellsbær

Mosfellsbær hefur, með erindi dags. 9. janúar 2017, sent Skipulagsstofnun lýsingu til umsagnar skv. 2. mgr. 40. gr. skipulagslaga. Lýsingin var samþykkt til kynningar í skipulagsnefnd 13. desember 2016 og varðar tillögu að deiliskipulagi tengivirkis við Sandskeið. Jafnframt er óskað eftir samráði við Skipulagsstofnun um umfang og áherslur við umhverfismat tillögunnar skv. 2. mgr. 6. gr. laga um umhverfismat áætlaða.

Lýsingin er dagsett 8. desember 2016.

Samkvæmt lýsingunni er gert ráð fyrir að vinna deiliskipulag sem felur í sér að afmarka lóð fyrir og setja skilmála fyrir tengivirki við Sandskeið sem er hluti af 220 kV Sandskeiðslínu 1. Gert er ráð fyrir að tengivirkið byggist upp í áföngum og að byrjað verði á fimm 220 kV rofareitum í fyrsta áfanga. Lagt verður mat á áhrif tillögunnar á vatnsvernd, landslag og ásynnd, jarðmyndanir, gróðurfar og fugla og fornminjar. Stuðst verður við fyrirbyggjandi gögn úr mati á umhverfisáhrifum Suðvesturlína frá árinu 2009.

Skipulagsstofnun hefur yfirfarið framlögð gögn og telur að í lýsingu hefði átt að gera betur grein fyrir tengivirkinu, umfangi þess, hæð og hvort um verður að ræða yfirbyggt mannvirki eða ekki, en að öðru leyti er gerð ágætlega grein fyrir því hvernig staðið verður að gerð og umhverfismati tillögunnar.


Hlynur Torfi Torfason